



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKÞ

Starfsárið 2012

Framkvæmdastjóri ÆSKÞ var í fæðingarorlofi frá og með 1. febrúar – 1. september 2012. Margrét Ólöf Magnúsdóttir, fráfarandi formaður ÆSKÞ leysti framkvæmdastjóra af til 31. maí og Rakel Brynjólfsdóttir 1. júlí- 31. ágúst.

Verkefni ÆSKÞ:

Erlent samstarf:

Eitt af markmiðum ÆSKÞ hefur verið að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynna ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi.

Þórunn Harðardóttir er okkar fulltrúi í European Fellowship. Hún hefur sótt aðalfundi, verið undirbúningshópur vegna Easter Course, sem verður á Íslandi í ár og vegna þátttöku okkar í starfi þeirra vísa ég í skýrslu hennar sem kynnt verður á aðalfundi fyrir árið 2012. Andrea Ösp Andradóttir, Neskirkju og Rakel Brynjólfsdóttir, Digraneskirkju fóru sem fulltrúar ÆSKÞ á Easter Course í Úkraínu.

Marína Ósk Þórólfsdóttir, Gleráirkirkju og Daniel Steingrímsson, guðfræðinemi sóttu alþjóðlega Taize-helgi í Helsinki í september. ÆSKÞ var íslenski tengiliðurinn við viðburðinn, sjá nánar http://www.taize.fr/en_article13613.html.

Hjörtur Freyr Sæland, Hjallakirkju/Digraneskirkju fór á námskeið til Möltu sem fulltrúi ÆSKÞ, námskeið styrkt af Ungu fólki í Evrópu Speedating, námskeið til að búa tengslanet og farvegur fyrir samstarfsverkefni og ungmennaskipti.

Kirkjuþing unga fólksins:

Kirkjuþing unga fólksins (KUF) var haldið þann 9. nóvember í Grensáskirkju. Kirkjuþingssamþykkt frá 2010 að KUF sé haldið á hverju ári. Kirkjuþingsfulltrúar voru 20 úr öllum prófastsdæmum nema tveimur og þingmál voru 6. Öll þingmálin komu með einum eða öðrum hætti fyrir á Kirkjuþingi sem hófst 10. nóvember.

Forseti KUF var kjörin Jónína Sif Eypórsdóttir, nemi í hagnýtri fjölmiðlun og æskulýðsleiðtogi í Hjalla- og Digraneskirkju, jafnframt sat hún sem áheyrnarfulltrúi á Kirkjuþingi.

Sunna Dóra Möller, prestur og æskulýðsfulltrúi í Akureyrarkirkju sá um framkvæmd Kirkjuþingsins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og framkvæmdastjóra ÆSKP.

Landsmót ÆSKP

Landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar fór fram á Egilsstöðum helgina 26. -28. október. Yfirskrift mótsins var H2Og...? en vatn var okkur hugleikið í ár og í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar söfnuðu unglingar á landsmóti fyrir vatnsverkefnum í Malaví. Söfnuðust rúmlega 430.000 kr sem dugar fyrir tveimur brunnnum, 20 hænum og 18 geitum. Þátttakendur á mótinu voru 600, ungmenni, sjálfboðaliðahópur og leiðtogar. Er það samdóma álit allra að mótið hafi verið vel skipulagt og vel heppnað í alla staði. Raket Brynjólfsdóttir var landsmótsstjóri.

TTT-mót

Undanfarin ár hefur ÆSKP staðið fyrir TTT-mótum í Vindáshlíð í Kjós. Í ár voru 60 börn og 20 leiðtogar þátttakendur á mótinu. Yfirskriftin var í samhljómi við þema ársins, Gleði, gleði, gleði og mótsstjóri var Margrét Ólöf Magnúsdóttir.

Námskeið og samstarfsverkefni:

ÆSKP hefur tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum á þessu ári eins og öll starfsárin. Eitt af farsælustu verkefnum kirkjunnar er Farskól leiðtogaefna og þá miklu aukningu virkra ungmenna á aldrinum 16+ innan kirkjunnar teljum við að megi tvímælalaust rekja til farskólans og þess samfélags sem verður til þar. Síðasta vetur voru rúmlega 20 nemendur í farskólanum og 8 nemendur í Grunnnámskeiði í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu. Útskrift farskóla og grunnnámskeiðs fór fram í Digraneskirkju þann 28. mars.

Við erum í samstarfi um leiðtogaþjálfum við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi, Biskupsstofu og KFUM/K með námskeið fyrir leiðtoga að hausti, febrúarnámskeið og námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa. Þessi námskeið hafa hingað til verið vel sótt og verið vettvangur fyrir fræðslu og til að mynda tengslanet og viðhalda tengslum við aðra sem starfa á þessu sviði. Samstarfshópurinn hefur lagt mikið í þessi námskeið og þau hafa þótt vönduð og fagleg, en það er mikilvægt að viðhalda fagmennsku þeirra sem starfa í barna- og æskulýðsstarfi. Síðasta vetur fundum við fyrir því tekjutapi sem söfnuðir hafa orðið fyrir og sparnaðar og niðurskurður innan safnaða kemur niður á barna- og æskulýðsstarfi og söfnuðir senda síður þátttakendur á námskeið sem kostar á, sérstaklega yngri leiðtoga. Velti samstarfshópurinn því fyrir sér hvernig við getum brugðist við því án þess að slá af kröfum eða gæðum námskeiðanna.

ÆSKP hefur tekið þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti í samstarfi við Mannréttindastofu, Ungliðahreyfingu Rauða krossins, ÆSKR, KFUM/K og ÍTR. Árið 2012 var viðburður í Smáralind og krakkar úr æskulýðsfélögum tóku þátt.

Spurningakeppnin Jesús lifir sem ÆSKÞ hefur tekið þátt í undanfarin ár í samstarfi við ýmis trúfélög var haldin í Suðurhlíðarskóla og í Neskirkju í apríl og tóku 10 lið þátt, þar af 2 úr barnastarfi Þjóðkirkjunnar. Þessi keppni er ætluð börnum í kirkjustarfi á aldrinum 9-12 ára (4. -7. bekk) og er frábær viðbót við hefðbundið TTT-starf í kirkjunni. Þátttakendur úr Þjóðkirkjunni yfirleitt verið fleiri, þessa fækkun teljum við að megi rekja til sparnaða í söfnuðunum, því það kostar undirbúning og vinnu að senda lið í keppnina.

Að lokum vil ég þakka stjórn ÆSKÞ og öllum sem koma að hinu fjölbreytta starfi ÆSKÞ gott samstarf og góðar stundir á liðnu starfsári.

Virðingarfyllst,

Sigríður Rún Tryggvadóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKÞ